



Reykjavík, 7. apríl 2026

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Málsheiti og númer:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarhlutföll, endurskoðunarmörk, skilafrestir o.fl.). – 157. löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal 934 – 556. mál. Stjórnarfrumvarp.

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðanda (álitsnefnd) hefur tekið framangreint frumvarp til skoðunar og vill koma eftirfarandi á framfæri. Í samráðsferli í aðdraganda frumvarpsins sendi nefndin jafnframt ítarlegri ábendingar sem að sumu leyti hefur verið tekið tillit til og verða ekki tíundaðar hér frekar.

Um stærðarmörk félaga og endurskoðunarskyldu – 1., 2. og 5. gr. frumvarpsins

Orðalag ákvæða núgildandi laga um ársreikninga, sem snúa að stærðarflokkun félaga samkvæmt 2. gr. og undanþágu frá ákvæðum um kjör endurskoðenda skv. 98. gr., hefur leitt til óvissu og skiptra skoðana um það hvenær félag færist á milli stærðarflokka og hvenær endurskoðunarskyldan virkist.

Í núgildandi 11. tl. 2. gr. laganna eru settar fram skilgreiningar á félögum sem miðast við að örfélög, lítil félög og meðalstór félög séu undir tveimur af þremur stærðarviðmiðum við uppgjörsdag þ.e. heildareignir, hreina veltu og meðalfjöldi ársverka. Í lokamálslið tölulíðarins segir að flokkun félaga skuli ekki breytast nema félag annaðhvort fari yfir eða undir viðmiðunarmörk viðkomandi og síðastliðins reikningsárs. Það er mat álitsnefndar að samkvæmt núverandi orðalagi færist félag í nýjan stærðarflokk frá og með þriðja ári enda byggja viðmiðin, auk viðmiðs um ársverk, á veltu ársins og eignum í árslok eða eins og segir í hinni tilvísuðu grein „við uppgjörsdag“. Það er í mörgum tilvikum óljóst hvort félag, sem farið hefur yfir (eða undir) mörk á tilteknu ári, muni gera það aftur á næsta ári. Þetta á t.a.m. við um félög sem selja vörur í erlendri mynt og félög þar sem efnahagsliðir svo sem birgðastaða í árslok (t.d. lífmassi hjá fiskeldisfyrirtæki) geta verið mjög breytilegir milli ára. Ef túlka ætti það sem svo að fara skuli að reglum fyrir stærri eða minni flokk strax á ári tvö hefði það í för með sér íþyngjandi byrði fyrir þau félög sem þannig færðust upp um stærðarflokk og þar á meðal virkjuðust ákvæði sem ómögulegt er að beita við eða eftir lok árs en er samt sem áður refsivert að hlíta ekki. Sem dæmi má nefna að félag sem verður að einingu tengdri almannahagsmunum (ETA), þegar það fellur í flokk stórra félaga, þarf að skipa endurskoðunarnefnd sem augljóslega er ekki hægt að skipa aftur í tímann en væri þó skylt ef félag flokkast sem stórt á uppgjörsdegi og sú flokkun ætti að gilda fyrir allt nýliðið ár. Þá þyrfti að skoða hvort endurskoðandi félagsins hafi mögulega veitt því þjónustu sem óheimilt er að veita ETA félögum samhliða endurskoðun skv. reglugerð 537/2014 sem jafnvel gæti þýtt að skipta þyrfti um endurskoðunarfélag eftir lok reikningsárs með tilheyrandi erfiðleikum við endurskoðunina og ærnum tilkostnaði. Loks má nefna að með grein 66.d eru lagðar skyldur á ETA félög og stór félög að veita ófjárhagslegar upplýsingar sem kallar á að félög hafi komið sér upp kerfum til að halda utan um slíkar upplýsingar allt árið sem upplýsingarnar eiga að ná til. Það er því mikilvægt að niðurstaða um, hvort félag

færist á milli flokka, liggi fyrir í upphafi árs og félög geti þannig tryggt fylgni við þær viðbótarkröfur sem kunna að koma til við færslu milli stærðarflokka.

Álitsnefnd bendir á að brýna nauðsyn ber til að þessi ákvæði verði skýrð til hlítar og raunveruleg ætlan löggjafans komi skýrt fram. Það er óásættanlegt ef forráðamenn félaga þurfa, þegar félag hefur einu sinni farið yfir tiltekin stærðarmörk, að giska á hvernig næsta ár muni enda hvað varðar eignir, veltu og ársverk og grípa þá jafnvel strax til kostnaðarsamra aðgerða til þess að tryggja að ekki hafi verið farið á svig við ýmis ákvæði laganna ef svo skyldi fara að félagið færðist upp um stærðarflokk.

Sambærilegar aðstæður eru uppi á teningnum hvað varðar ákvæði 98. gr. um undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 96. gr. um skylduna til að kjósa endurskoðendur. Í núgildandi ákvæði er vísað til tvennra af þrennum stærðarmörkum „tvö næstliðin reikningsár“. Með frumvarpi því sem nú liggur fyrir er þessu orðalagi breytt til samræmis við orðalag 11. tl. 2. gr. og vísað til „viðkomandi og síðastliðins reikningsárs“. Félög kjósa sér almennt endurskoðendur á aðalfundi sem halda skal eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Ef ætlunin er að undanþágan frá endurskoðunarskyldunni falli niður frá og með ársreikningi þess árs sem í annað sinn er yfir undanþágumörkum þá þurfa forráðamenn félags að spá fyrir um niðurstöðu ársins löngu áður en hún liggur fyrir og ákveða hvort kjósa skuli endurskoðanda á aðalfundi félagsins. Ef kjósa þarf endurskoðanda eftir að reikningsári lýkur getur það valdið verulegum erfiðleikum við endurskoðunina og jafnvel leitt til frávika í áritun endurskoðenda.

Sé túlkun löggjafans sú að tilfærsla milli stærðarflokka félaga samkvæmt 11. tl. 2. gr. og mat á undanþáguákvæði frá endurskoðunarskyldunni samkvæmt 98. gr. gildi strax á öðru ári en ekki frá og með því þriðja ætti einfaldlega að segja það berum orðum í lögunum og er þá um leið vandséð hvaða tilgangi það þjónar að í fyrrnefndum lagagreinum sé vísað til tveggja reikningsára með orðalaginu „*viðkomandi og síðastliðið reikningsár*“.

Álitsnefnd telur þó að eðlilegra væri að áhrif breytinga á stærðarmörkum og endurskoðunarskyldu kæmu fram á þriðja ári, sem væri í samræmi við áherslur úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar um einföldun regluverks og skilvirkt rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi, sbr. kafla tvö í greinargerð með frumvarpinu.

Um skil á ársreikningum – 6. gr. frumvarpsins

Um leið og álitsnefnd fagnar því að ætlunin sé að lengri skilafrestur á ársreikningum muni samkvæmt frumvarpinu gilda fyrir öll örfélög, ólíkt því sem nú er þar sem lengingin gildir aðeins fyrir þau örfélög sem nýta sér „hnappinn“, þá telur nefndin óheppilegt að ekki sé fastsettur lengri frestur fyrir þessi félög heldur vísað til þess frests sem ríkisskattstjóri veitir skattaðilum til að skila framtölum sínum. Undanfarin ár hefur skilafrestur þeirra verið til 30. september en hefur nú verið stytur til 21. september í ár og alger óvissa er um það hvernig sá frestur verður á komandi árum. Að lágmarki þyrfti þó í lok boðaðs 1. tl. 1. mgr. 109. gr. að bæta við orðunum „ef hann er lengri“.

Sé þess óskað af hálfu efnahags- og viðskiptanefndar er álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda mjög tilbúin til þess að mæta á fund nefndarinnar og ræða frumvarpið og umsögn sína.

Virðingarfyllt,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Unnar Friðrik Pálsson,
Framkvæmdastjóri FLE